

Nr. 2/1996

Mánudaginn 15. apríl 1996.

**Sjúkraliðafélag Íslands vegna félagsmanns síns
Vivi Ann Mary Gjöveraa**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

bæjarstjórn Hornafjarðar

(Sveinn Sveinsson hrl.)

Kjarasamningur. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Auður Þorbergsdóttir, Gylfi Knudsen, Ingibjörg Benediktsdóttir, Guðni Haraldsson og Gísli Gíslason.

Málið, sem dómtekið var 10. apríl sl., er höfðað með stefnu útgefinn 11. mars sl. og þingfestri 13. s.m.

Stefnandi er Sjúkraliðafélag Íslands, kt. 560470-0190, Grettisgötu 89, Reykjavík vegna félagsmanns síns Vivi Ann Mary Gjöveraa, kt. 041240-8069, Sunnubraut 1, Höfn Hornafirði.

Stefndi er Sturlaugur Þorsteinsson bæjarstjóri, kt. 250253-2579, Fiskhóli 7, Hornafirði f.h. bæjarstjórnar Hornafjarðar.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi að félagsmaðurinn Vivi Ann Mary Gjöveraa eigi, á grundvelli kjarasamnings launanevndar A-Skaftafellssýslu og Sjúkraliðafélags Íslands frá 31. desember 1994, rétt til launa skv. launaflokki 117 skv. launatöflu Sjúkraliðafélags Íslands, á gildistíma kjarasamningsins.

Þá er þess krafist að stefndi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins og að stefndi verði dæmdur til að bæta stefnanda þann kostnað sem hann hefur af greiðslu virðisaukaskatts af aðkeyptri lögmannspjónustu.

Dómkröfur stefnda:

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að mati dómsins. Þess er krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til skyldu stefnda til greiðslu virðisaukaskatts af málskostnaðarfjárhæðinni.

Málavaxtalýsing stefnanda.

Vivi Ann er félagi í Sjúkraliðafélagi Íslands og hefur starfað um

nokkurra ára skeið á Skjólgarði, Höfn, Hornafirði. Þann 31. desember 1994 var undirritaður kjarasamningur milli launaneftndar A-Skaftafellssýslu og stefnanda. Um kjör starfsmanna á Skjólgarði átti skv. 2. gr. samningsins að fara eftir kjarasamningi stefnanda og fjármálaráðherra og fleiri aðila frá 30. desember 1994, að frátalinni röðun í launaflokka. Röðun sjúkraliða á Skjólgarði átti skv. 3. gr. samningsins að vera skv. launatöflu SLFÍ eða nánar tiltekið:

| | |
|---------------|-----------|
| Sjúkraliði I | lfl. 115. |
| Sjúkraliði II | lfl. 116. |

Þann 2. ágúst 1995 var kjarasamningur SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994 framlengdur með tilteknum breytingum og fyrirvörum. Í kjölfar þessara breytinga var kjarasamningur SLFÍ og launaneftndar A-Skaftafellssýslu tekinn til endurskoðunar í samræmi við fyrirmæli í 4. gr. þess samnings. Er ganga átti frá nýjum kjarasamningi kom í ljós að ákvæðum gildandi kjarasamnings milli SLFÍ og launaneftndar A-Skaftafellssýslu hefur ekki verið fylgt að öllu leyti að álitum stefnanda.

Vivi Ann hefur fengið greidd laun skv. launaflokki 116 skv. launatöflu SLFÍ en stefnandi telur hana eiga rétt til launagreiðslna skv. launaflokki 117 á grundvelli lokamálsliðar 6. gr. kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994. Starfsskyldur sjúkraliða á Skjólgarði hafa um margt verið frábrugðnar því sem almennt tíðkast hjá sjúkraliðum. Komi þetta einkum til af því að sjúkraliðar á Skjólgarði þurfa að gegna störfum sem falla undir verksvið hjúkrunarfræðinga. Stefnandi telur að Vivi Ann beri því, vegna framangreinds ákvæðis, réttur til að vera raðað einum launaflokki ofar en ella.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Grunnröðun þeirra sjúkraliða sem eru félagar í SLFÍ og starfa á Skjólgarði hafi með kjarasamningi SLFÍ og launaneftndar A-Skaftafellssýslu verið ákveðin þannig að þeir sjúkraliðar sem ættu að baki tveggja ára starfsreynslu (sjúkraliði II) tækju laun skv. launaflokki 116 en aðrir skv. launaflokki 115 (sjúkraliði I). Um önnur kjör sjúkraliða á Skjólgarði átti hins vegar að fara eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994. Lokamálsliður 6. gr. þess samnings var svohljóðandi:

„Sjúkraliða við störf sem raðað er í launaflokk 111 til 114 sem ann-

ast sérstök verkefni, sbr. fylgiskjal 1, skal raða einum launaflokki of-
ar en ella.“

Í fylgiskjali 1 með kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. frá 30. desember 1994 er að finna nánari skilgreiningu starfsheita. Sjúkraliða með sérstök verkefni er lýst þannig:

„Sjúkraliði sem er á vakt án þess að hjúkrunarfræðingur eða ljós-
móðir sé á vakt, eða sem sinnir sérhæfðum verkefnum, sem falla ut-
an venjulegs starfssviðs sjúkraliða. Framangreindir starfsþættir
skulu vera þýðingarmikill hluti starfsins.“

Verkefni sjúkraliða á Skjólgarði eru þess eðlis að þau falli undir
framangreinda skilgreiningu enda séu þeir á vakt án þess að hjúkr-
unarfræðingur eða ljósmóðir sé á vakt.

Af 9. gr. draga að kjarasamningi SLFÍ og launaneftdar A-Skafta-
fellssýslu (dskj. 12 og 13) megi ráða að ætlunin hafi verið að tryggja
að ákvæði sama efnis og niðurlagsákvæði 6. gr. kjarasamnings SLFÍ
og fjármálaráðherra o.fl. tæki til sjúkraliða á Skjólgarði. Í bréfi til
SLFÍ, sem dagsett er 30. desember 1994 og undirritað af bæjarstjóra
Hornafjarðar, formanni launaneftdar og framkvæmdastjóra Skjól-
garðs, sagði m.a.:

„Launaneftd Austur-Skaftafellssýslu hefur í dag fjallað um samn-
ing SLFÍ við fjármálaráðherra, dags. í dag auk draga yðar að samn-
ingi milli Skjólgarðs og SLFÍ í tíu liðum.

Launaneftdin er reiðubúin til að samþykkja fyrrneftdan samning
með tilheyrandi bókunum og fylgiskjölum, með þeim viðaukum
sem fram koma í meðf. drögum að samningi.“

Það megi því ljóst vera að vilji beggja samningsaðila hafi staðið til
þess að umrætt ákvæði í 6. gr. kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráð-
herra o.fl. tæki til sjúkraliða á Skjólgarði þótt þeim væri grunnraðað
í launaflokka 115 og 116. Í endanlegri útgáfu kjarasamningsins hafi
ákvæðið hins vegar ekki verið tekið upp efnislega heldur látið nægja
að vísa til margneftds kjarasamnings SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl.

Málskostnaðarkrafan er byggð á 130. sbr. 129. gr. eml. Stefnandi
hafi ekki frádráttarrétt vegna kostnaðar af virðisaukaskatti af að-
keyptri lögmannsþjónustu.

Stefnandi kveður málið eiga undir Félagsdóm skv. 3. tl. 1. mgr. 26.
gr. laga nr. 94/1986.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi heldur því fram að hann hafi aldrei samþykkt launaflokkabreytingu til stefnanda skv. lokaákvæði 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994. Vivi Ann Mary Gjöveraa sinni störfum sem raðað sé í launaflokka 111 til 114 en hafi tekið laun skv. launaflokki 116 og sé því með laun sem séu hærri en röðun hennar í launaflokka segi fyrir um. Stefnda hafi alltaf verið ljóst að með tengingu við nýtt launakerfi og nýjar skyldur að því er varðaði breytt starfskjör Vivi Ann, svo sem lífeyrisréttindi, hafi ekki komið til greina að henni yrði ávallt greidd hærri laun en henni bæri skv. kjarasamningum.

SLFÍ hafi við gerð kjarasamningsins í desember 1994 samið um launaflokkshækkun fyrir þá félagsmenn sína sem enn hafi verið í launaflokkum 111 til 114, en ekki fyrir þá sem þegar höfðu fengið þá hækkun. Vivi Ann hafi áður fengið þessa launahækkun. Hún geti ekki átt að hækka sjálfkrafa í launum þó samið sé um hækkanir fyrir þá sem í lægri flokkunum eru.

Stefndi bendir sérstaklega á, að samningur sá sem gerður hafi verið við SLFÍ hafi verið frágenginn þann 31. desember 1994 eða degi eftir að SLFÍ undirritaði samning sinn við fjármálaráðherra. Þannig hafi launaflokkabreytingin legið fyrir án þess að vera tekin upp í samkomulag aðila. Þvert á móti hafi henni sérstaklega verið hafnað í 2. gr. samningsins og í 3. gr. beint verið tekið fram að launaflokkur starfsmanna skuli vera launaflokkur 115 eða 116. Þá hafi launaflokkabreytingunni einnig verið hafnað með bréfi stefnda til SLFÍ, dags. 30. des. 1994.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á að réttur Vivi Ann til umstefndrar launaflokkshækkunar sé til staðar. Það sé misskilningur að við umskipti yfir í nýtt launakerfi hafi Vivi Ann verið grunnraðað í launaflokk 116. Grunnröðun stefnanda sé í launaflokkum 111 til 114 samkvæmt starfsheitalýsingum en til að halda óbreyttum launum frá fyrra launakerfi hafi launaflokkur 116 orðið fyrir valinu.

Vilji svo ólíklega til að dómurinn líti svo á að Vivi Ann hafi verið grunnraðað í launaflokk 116 og eigi rétt til launaflokkshækkunar er því haldið fram af stefnda að launaflokkabreytingin í lokalið 6. gr. samningsins taki ekki til launaflokks 116 heldur aðeins til launaflokka 111 til 114 eins og fram komi í ákvæðinu.

Varðandi málskostnaðarkröfuna vísar stefndi til 130. sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstæða.

Í máli þessu er um það deilt, hvort kjarasamningur sá milli Sjúkraliðafélags Íslands og launanefndar Austur-Skaftafellssýslu, sem gerður var 31. desember 1994, sé tæmandi um röðun í launaflokka eða hvort líta beri svo á, vegna orðalags samningsins eða túlkunar hans í ljósi samskipta samningsaðila fyrir samningsgerðina og aðdraganda að henni, að lokaákvæði 6. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, Reykjavíkurborgar og St. Jósefsspítala annars vegar og Sjúkraliðafélags Íslands hins vegar, er gerður var 30. desember 1994, gildi milli samningsaðila að fyrrnefnda kjarasamningnum.

2. gr. kjarasamningsins frá 31. desember 1994 er svohljóðandi: „Um kjör félagsmanna í Skjólgarði sem samningur þessi tekur til, skal farið eftir kjarasamningi SLFÍ og fjármálaráðherra o.fl. aðila frá 30. des. 1994 að röðun í launaflokka frátalinni.“ Í 3. gr. samningsins er mælt fyrir um, að röðun sjúkraliða við Skjólgarð skuli vera samkvæmt launatöflu Sjúkraliðafélags Íslands og þeim skipað í tvo launaflokka, þ.e. sjúkraliða I í launaflokk 115 og sjúkraliða II í launaflokk 116. Frekari ákvæði um röðun í launaflokka eru ekki í kjarasamningi þessum, en í 1. másl. 4. gr. samningsins segir svo: „Verði breyting á röðun sjúkraliða í samningum SLFÍ og fjármálaráðherra skal röðun félagsmanna sem starfa skv. þessum samningi tekin til endurskoðunar.“ Óumdeilt er, að starfsreynsla ráði því í hvorn launaflokkinn samkvæmt 3. gr. kjarasamningsins sjúkraliðum er skipað. Með 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994 var gerð breyting á grein 1.3.5 um röðun starfsheita í launaflokka í kjarasamningi milli aðila þess samnings, sem framlengdur var. Lokaákvæði 6. gr., sem hér skiptir máli, er svohljóðandi: „Sjúkraliða við störf sem raðað er í launaflokk 111 til 114 sem annast sérstök verkefni sbr. fylgiskjal 1, skal raðað einum launaflokki ofar en ella.“

Þrátt fyrir almenna skírskotun 2. gr. kjarasamningsins frá 31. desember 1994 þess efnis, að um kjör félagsmanna Sjúkraliðafélags Íslands í Skjólgarði skuli farið eftir kjarasamningnum frá 30. desember 1994, er röðun í launaflokka sérstaklega undanskilin. Að því athuguðu og þar sem í kjarasamningnum frá 31. desember 1994 er sjálfstætt kveðið á um röðun í 3. gr. hans svo og um endurskoðun á

þeirri röðun í 1. másl. 4. gr., þykir samningurinn ótvírætt bera þess merki að vera tæmandi um þetta efni. Af gögnum málsins verður ekki dregin sú ályktun af samskiptum aðila fyrir samningsgerðina og aðdraganda að henni, að vilji samningsaðila hafi, þrátt fyrir orðalag samningsins, staðið til þess, að lokaákvæði 6. gr. kjarasamningsins frá 30. desember 1994 skyldi gilda þeirra í millum og gegn andmælum stefnda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á, að slíkt samkomulag hafi tekist. Ber því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, bæjarstjórn Hornafjarðar, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Sjúkraliðafélags Íslands, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Guðna Á. Haraldssonar.

Niðurstaða máls þessa ræðst af því, hvaða skilning má leggja í orðin „að röðun í launaflokka frátalinni“ eins og þau koma fyrir í 2. tl. kjarasamnings aðila frá 31. desember 1994.

Í drögum að nýjum kjarasamningi sem stefnandi sendi stefnda hinn 30. desember s.á. er gert ráð fyrir, að greinar 1 til 5 í kjarasamningi fjármálaráðherra og Sjúkraliðafélags Íslands, sem gerður var sama dag, verði teknar upp óbreyttar.

Hvað varðar launaflokkahækkanir þá er gerð sú tillaga, að sjúkraliðar taki laun skv. 72. lfl. og fái að auki hækkun vegna sérstakra verkefna, sbr. niðurlagsákvæði 6. gr. kjarasamnings fjármálaráðherra og sjúkraliðafélagsins.

Með símbréfi dagsettu 30. desember 1994 lýsir launanefnd Austur-Skaftafellssýslu því yfir að hún sé reiðubúin „að samþykkja fyrrnefndan samning með tilheyrandi bókunum og fylgiskjölum, með þeim viðaukum sem fram koma í meðf. drögum að samningi“. Tilvitnað fylgiskjal er nr. 1 sem m.a. skilgreinir hugtakið „sjúkraliði með sérstök verkefni“.

Hins vegar er í sama svari hafnað kröfu þess efnis að sjúkraliðar taki laun skv. 72. lfl. Kröfunni um launaflokkahækkanir vegna sér-

stakra verkefna er hins vegar ekki sérstaklega hafnað né er hún á nokkurn hátt undanskilin ofangreindu samþykki.

Af þessari ástæðu og með vísan til almennra túlkunarsjónarmiða um tilboð og samþykki þeirra, verður að fallast á kröfur stefnanda.

Því skal Vivi Ann Mary Gjöveraa, á grundvelli kjarasamnings launanefndar A-Skaftafellssýslu og Sjúkraliðafélags Íslands frá 31. desember 1994, eiga rétt til launa skv. 117. lfl. á gildistíma kjarasamningsins.

Rétt þykir að stefndi greiði stefnanda kr. 100.000 í málskostnað.
